



Áhafnatrygging smábáta - siglingalög

Skilmáli S-16

Áhafnatrygging smábáta er trygging fyrir áhöfn smábáta. Tryggingin tekur mið af gildandi kjarasamningum á grundvelli siglingalaga nr. 34/1985. Tryggingin er án dagpeninga en hægt er að velja dagpeninga gegn viðbótargjaldi. Til viðbótar er valkvæð slysatrygging í frítíma með eða án dagpeninga gegn viðbótariðgjaldi.

Bætur á grundvelli siglingalaga taka ekki tillit til framtíðartekna eins og gert er á grundvelli skaðabótalaga.

Gerð er krafa um að allir í áhöfn hafi tilskilin réttindi þegar skip eða smábátur er gerður út í atvinnuskyni.

Almenn ákvæði 5. kafla skilmálans gilda um alla þætti tryggingarinnar.

Um trygginguna gilda skírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Skilgreiningar

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Tryggingartaki: Útgerð eða útgerðaraðili sem kaupir tryggingu fyrir áhöfn.

Tryggður: Áhöfn sem ráðin er í skiprúm á því skipi eða bát sem tilgreind er í skírteini.

Hlutfallsregla: Hlutfallsregla er reikniregla um samanlagt varanlegt líkamstjón.. Hafi tjónþoli orðið fyrir líkamstjóni í eldra slysi eða áður metinn til varanlegs líkamstjóns (miskastiga) skal hlutfallsreglu beitt. Sama gildir ef tjónþoli verður fyrir fjölaverka í einu og sama slysinu. Byggir hún meðal annars á því að ekki sé hægt að vera með meira en 100% varanlegt líkamstjón. Þegar hlutfallsreglu er beitt er metið með hvaða hætti mismunandi einkenni tjónþola verka saman og valda varanlegu líkamstjóni.

Slys: Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist án vilja hans.

Örorkunefnd: Í Örorkunefnd sitja þrjú aðilar sem skipaðir eru á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga. Örorkunefnd semur töflu um miskastig. Í töflunni er metin skerðing á líkamlegri, og eftir atvikum, andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni.

Efnisyfirlit:

- Slysatrygging í vinnutíma
 - án dagpeninga
 - með dagpeningum (valkvæð)
- Líftrygging
- Farangurstrygging
- Slysatrygging í frítíma (valkvæð)
 - án dagpeninga
 - með dagpeningum
- Almenn ákvæði

1. Kafli. Slysatrygging í vinnutíma

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir, eins og segir í skirteini og skilmálum þessum.

Bætur greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningum á grundvelli siglingalaga nr. 34/1985 fyrir alla bótaþætti og reiknast á grundvelli tryggingafjárhæða á slysdegi.

Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að hlutaðeigandi hafi verið ráðinn í skiprúm á skipi því sem tilgreint er í skirteini og slys hafi borið að höndum þegar hann var staddur á skipinu eða starfaði í beinum tengslum við rekstur þess.

2. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða þess sem tryggður er, innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast bætur vegna andláts samkvæmt skilmála þeim sem var í gildi á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.

Dánarbætur greiðast því aðeins ef slys er bein og eina orsök þess að tryggður deyr.

Við samanburð á bótarétti skulu mánaðarlega dánarbætur til maka og barna reiknaðar til eingreiðsluverðmætis.

Félagið hefur rétt á að láta fara fram krufningu á líki hins látna til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

3. gr. Bætur við varanlegt líkamstjón

- Valdi slys þeim sem tryggður er varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.
- Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- Örorkubætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina, þó þannig að hvert örkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örkustig frá 51-100% verkar þrefalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 225% af tryggingarfjárhæð vegna örorkubóta.

Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:

- Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- Örorkan er ákveðin í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunnist breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

4. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni (dagpeningar)

Bætur fyrir tímabundna óvinnufærni (dagpeningar) greiðast á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi séu þær valdar sérstaklega á skirteini.

5. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna slyss er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- vegna slyss sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.
- vegna slyss sem tryggður hefur valdið af ásetningi eða stórkostlegs gáleysis.
- vegna slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja.
- vegna slyss vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.
- vegna slyss sem verða í frítíma tryggðs nema þess sé sérstaklega getið í tryggingarskírteini.

6. gr. Stuðningsleyfi vegna ofbeldis í nánu sambandi

Félagið greiðir bætur til tryggingartaka vegna ofbeldis í nánu sambandi sem launþegi í áhöfn verður fyrir á þeim tíma sem hann sinnir starfi hjá tryggingartaka, enda hefur hann leitað sér aðstoðar hjá fagaðila og er að vinna með honum í að koma sér út úr sambandinu.

Tryggingin greiðir bætur í allt að 2 vikur án biðtíma neyðist launþegi í áhöfn til að breyta aðstæðum sínum vegna ofbeldis í nánu sambandi og hefur ekki tök á að sinna starfi sínu.

Ákvörðun bóta:

- Bætur greiðast frá þeim degi sem fastráðinn launþegi í áhöfn verður frá vinnu af völdum ofbeldis í nánu sambandi, en að hámarki 2 vikur.
- Hámarksbætur vegna hvers atburðar koma fram á skírteini.
- Bætur samkvæmt þessu ákvæði greiðast að hámarki einu sinni á meðan tryggingarsambandinu varir, án tillits til fjölda endurnýjana, fyrir hvern launþega í áhöfn sem tryggður er.
- Afhenda þarf staðfestingu frá þeim fagaðila sem launþegi leitaði til í kjölfar ofbeldis. Á staðfestingunni þarf að koma fram hvenær leitað var fyrst til fagaðila, að tryggður dvelji í athvarfi eða sé í framhaldsaðstoð hjá fagaðila.

2. Kafli. Líftrygging

7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Við andlát tryggðs greiðir tryggingin réttthafa þá tryggingarfjárhæð sem í gildi var samkvæmt kjarasamningi á andlátsdegi.

Bætur greiðast eingöngu ef bótaréttur er fyrir hendi samkvæmt þeim kjarasamningi sem í gildi var á andlátsdegi.

8. gr. Réttthafi tryggingarfjárhæðar

Hafi tryggingataki ekki tilnefnt réttthafa tryggingarfjárhæðar gilda ákvæði XV. Kafla vsl.

9. gr. Takmarkanir á ábyrgð félagsins

Tryggingin greiðir ekki bætur ef tryggður deyr af slysförum og/eða bætur greiðast úr slysatryggingu.

10. gr. Greiðsla bóta

Tryggingartaka ber að leggja fram vottorð skráningarstjóra um ráðningu á skipið á tryggingartímanum eins fljótt sem unnt er.

11. gr. Sérákvæði

Þrátt fyrir framangreind ákvæði í kjarasamningi um gildissvið líftryggingarinnar, gildir líftrygging þessi, ef sjómaður deyr meðan hann er ráðinn í skipsrúm hjá tryggingartaka eða hann veikist á þeim tíma og veikindi, leiða til dauða innan tveggja mánaða eftir að hann hvarf úr skipsrúmi. Hafi tryggður svipt sig lífi og hann verið skráður í skipsrúm skemur en samanlagt 180 daga á síðastliðnum tólf mánuðum fyrir dánardag er félagið laust úr ábyrgð.

3. Kafli. Farangurstrygging

12. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur vegna tjóns á persónulegum munum áhafnar sem skylt er að bæta samkvæmt 69. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. reglugerð nr. 224/1999.

Slík tjón verða einungis bætt ef starfsmaður var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.

Bætur skulu miðast við verðmæti á tjónsdegi en takmarkast við þær fjárhæðir sem fram koma í reglugerð nr. 224/1999 um greiðslu bóta fyrir eignir sem eyðileggjast við sjóslys eða bruna.

13. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna tjóns á peningum, ávísunum, skuldabréfum, vaxtamiðum, farmiðum, frímerkjum, veðskuldabréfum, handritum né öðrum verðbréfum.
- ef farangur fær á sig rispur, beyglur, mar eða núning sem ekki rýra notagildi munanna.

14. gr. Varúðarregla

Tryggður skal gæta farangurs síns vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið til að koma í veg fyrir tjón.

4. Kafli. Slysaftrygging í frítíma (valkvæð)

Tryggingin er eingöngu í gildi sé hennar sérstaklega getið á skirteini.

15. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur vegna slyss er sá sem tryggður verður fyrir í frítíma eins og segir í skirteini og skilmála þessum.

Tryggingin bætir ekki tjón sem falla undir ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysaaftryggingu ökumanns og eiganda.

Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að hlutaðeigandi hafi verið ráðinn í skiprúm á skipi því sem tilgreint er í skirteini og slys hafi borið að höndum í frítíma.

Einnig greiðast bætur úr slysaaftryggingunni ef útgerðaraðili sem fiskar á eigin bát slasast í frítíma sínum á gildistíma tryggingarinnar.

16. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða þess sem tryggður er, innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast bætur vegna andláts samkvæmt skilmála þeim sem var í gildi á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.

Félagið hefur rétt á að láta fara fram krufningu á líki hins látna til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

17. gr. Bætur við varanlegt líkamstjón

- Valdi slys þeim sem tryggður er varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.
- Örorku skal meta í hundruðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- Örorkubætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina, þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% verkar þrefalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 225% af tryggingarfjárhæð vegna örorkubóta.

Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:

- Missir eða bæklnar á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklnar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklad, skal meta örorku með hliðsjón af bæklnunni fyrir slysið.
- Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunnist breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði

endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

- g. Ef hinn slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati sbr. e) og f) lið.
- h. Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

18. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni (dagpeningar)

Bætur fyrir tímabundna óvinnufærni (dagpeningar) greiðast á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi séu þær valdar sérstaklega á skirteini.

19. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- a. vegna slyss er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- b. vegna slyss sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.
- c. vegna slyss sem tryggður hefur valdið af ásetningi eða stórkostlegs gáleysis.
- d. vegna slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja.
- e. vegna slyss vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.

5. Kafli. Almenn ákvæði

20. gr. Hver er tryggður?

Tryggðir eru þeir sem ráðnir eru í skipsrúm hjá tryggingartaka á skipi eða smábát þeim sem tilgreindur er í skirteini.

Gerð er krafa um að allir í áhöfn hafi tilskilin réttindi þegar skip eða smábátur er gerður út í atvinnuskyni.

21. gr. Aldursmörk

Þrátt fyrir ákvæði um ákvörðun bóta þá greiðir tryggingin ekki bætur fyrir börn yngri en 15 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

22. gr. Upplýsingaskylda tryggingataka

Tryggingartaki, eða eftir atvikum tryggður, skal við endurnýjun tryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef félagið óskar þess skriflega sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004 um vsl.

Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar tryggðs að fengnu samþykki hans.

23. gr. Upphaf og lok tryggingarverndar tryggða

Ábyrgð félagsins gagnvart tryggðum hefst þegar hann hefur störf hjá tryggingataka enda hafi hann tilskilin réttindi fyrir hendi.

Ábyrgð félagsins gagnvart tryggðum fellur niður þegar hann lætur af störfum hjá tryggingataka og/eða er ekki lengur með tilskilin réttindi.

24. gr. Landfræðilegt gildissvið

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

25. gr. Skyldur tryggða við tjónsatburð

Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða tryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar tryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

26. gr. Breyting á áhættu

Sé tiltekið á skirteini að tryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber tryggingartaka/tryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.

Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjald verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. vsl nr. 30/2004.

Tryggingin fellur úr gildi ef skipið (báturinn) verður selt eða leigt, nema fyrir liggi skriflegt samþykki frá félaginu fyrir því að tryggingin haldi áfram.

27. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Greiði félagið dánarbætur vegna hins tryggða eða 100% örorkubætur lýkur þó tryggingunni hvað varðar þann tryggða og iðgjald vegna hans endurgreiðist ekki.

28. gr. Greiðsla bóta

Allar bætur úr tryggingu þessari dragast frá skaðabótum frá útgerð.

29. gr. Varúðarregla

Tryggingartaka ber að sjá til þess að við störf á skipi séu ekki aðrir en þeir sem hafa tilskilin réttindi. Brot á varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

30. gr. Framsal

Tryggður má ekki framselja réttindin sín án samþykkis félagsins.

31. gr. Önnur ákvæði

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gildir um tryggingarsamning þennan lög um vsl nr. 30/2004.

Skilmálar þessir gilda frá 05.03.2026